

Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1562  
komudagur 22. 4. 2005



LANBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS  
AGRICULTURAL UNIVERSITY OF ICELAND



Plöntueftirlit  
Plant Protection Service

ADALSTÖÐVAR  
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND  
email: sigurgeir@rala.is

SÍMI  
TELEPHONE: (+354) 433 5265  
MYNSENDIR  
TELEFAX: (+354) 433 5266

PL-017

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu  
Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2005

### Plöntueftirlitið og frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun (700. mál)

Þótt Ísland hafi fyrst þ. 8. mars 2005 gerst formlega aðili að alþjóðasamningnum um plöntuvernd hefur plöntueftirlitið í reynd lengi verið sú opinbera, innlenda plöntuverndarstofnun sem samningurinn kveður á um að hvert aðildarríki skuli koma á fót (sjá nánar um samninginn í fylgiskjali). Plöntueftirlitið var fram til ársloka 2004 sérstakt svið innan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) og heyrði beint undir forstjóra en frá og með 1. janúar 2005 er plöntueftirlitið sérstök eining innan Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og heyrir beint undir rektor. Til þess að hið íslenska plöntueftirlit sé trúverðugt verður það að búa yfir sérfræðipækkingu á sjúkdómum og meindýrum plantna enda gerir alþjóðasamningurinn kröfu til þess að slík fagleg færni sé á bak við útgáfu heilbrigðisvottorða sem plöntueftirlit annarra landa geti tekið mark á. Plöntueftirlitið hefur nú fengið aukið vægi þar sem nú hvílir á því sú ábyrgð að tryggja að nýlegar kröfur til viðarumbúða í alþjóðaviðskiptum, s.s. vörubretta og trékassa, torveldi ekki útflutning okkar. Hefur plöntueftirlitið m.a. þurft að votta fyrirtæki er smíða viðarumbúðir og að gefa út heilbrigðisvottorð með vörubrettum sem fylgja loðnuafurðum til Kína og með trékössum í útflutningi á vélum til Ástralíu. Plöntueftirlitið gegnir svipuðu hlutverki með tilliti til plöntusjúkdóma og yfirdýralæknir með tilliti til dýrasjúkdóma. Plöntueftirlitið hefur aldrei verið sjálfstæð stofnun og hefur aldrei gert kröfu til þess heldur verið verkþáttur innan RALA og nú LBHÍ sem markað hefur verið ákveðið sjálfstæði beint undir forstöðumönnum þessara stofnana.

Á Íslandi eru einungis starfandi 3 sérfræðingar í plöntusjúkdómum og meindýrum að því er best er vitað og eru þeir nú allir innan Landbúnaðarháskóla Íslands og Skógræktar ríkisins. Aðkoma skordýrafræðings Skógræktar ríkisins að plöntueftirlitinu er tryggð með svokölluðu Plöntusjúkdómaráði þar sem sæti eiga auk undirritaðs skordýrafræðingur Skógræktarinnar og fulltrúi Sambands garðyrkjubænda. Plöntueftirlit án aðkomu sérfræðinga í plöntuheilbrigði er ekki trúverðugt og ekki í samræmi við alþjóðasamninginn. Í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir er í reynd verið að leggja plöntueftirlitið undir yfirdýralækni. Í þessu felst mikil lítilsvirðing á þessu fagsviði og þekkist slíkt hvergi svo vitað sé og í alþjóðasamstarfi er plöntuheilbrigði og dýraheilbrigði lagt að jöfnu m.a. innan alþjóða viðskiptastofnunarinnar.

Engin fjárhagsleg hagræðing fæst við að færa plöntueftirlitið undir Landbúnaðarstofnun. Plöntueftirlitið hefur verið sjálfbært og kemur ekkert fé til þess af fjárlögum. Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum og plöntuafurðum skilar árlega um 10-12 milljónum og hefur náð að standa undir launa og


rekstrarkostnaði. Hefur gjaldtakan verið óbreytt síðan henni var komið á árið 1992. Þegar Landbúnaðarháskólinn tók til starfa um síðustu áramót var ákveðið að undirritaður byrjaði einn á plöntueftirlitinu og var beðið með að ráða fleiri þar til síðar á árinu en starfsmannþörf er metin að lágmarki 2 starfsmenn. Engin aukning hefur orðið í fjölda starfsmanna er sinna plöntueftirlitinu síðustu áratugi þrátt fyrir aukin verkefni. Samið hefur verið til bráðabirgða við Aðfangaeftirlitið sem staðsett er í húsi Landbúnaðarháskólans á Keldnaholti um afleysingar í forföllum forstöðumanns. Plöntueftirlitið er rekið með lágmarks tilkostnaði í ódýrri húsaleigu og í góðu faglegu umhverfi og getur einungis orðið dýrara við fyrirhugaðar breytingar.

Ef setja á plöntueftirlitið með öðrum skyldum eftirlitsþáttum á það meiri samleið með vissum þáttum er heyra undir Umhverfissráðuneytið heldur en með kjötmati, veiðistjórn og dýrasjúkdómum. Má þar m.a. nefna eftirlit með leifum varnarefna í matjurtum og eftirlit með innflutningi og útbreiðslu ágengra plantna í íslensku lífríki. Eftirlit með innflutningi sáðvöru sem nú fellur undir Aðfangaeftirlitið gæti allt eins fallið undir plöntueftirlitið. Baráttan gegn innkomu nýrra plöntusjúkdóma og meindýra er vissulega hagsmunamál landbúnaðar og skógræktar en einnig umhverfismál er varðar allan almenning. Plöntueftirlitið var einnig með í hugmynd forsætisráðuneytisins um Matvælastofu. Ef sú hugmynd verður ofan á er hér verið að tjalda til einnar nætur með því að setja plöntueftirlitið undir Landbúnaðarstofnun.

Nær allur innflutningur á plöntum og plöntuafurðum fer um Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurhöfn. Vöruskoðun verður að fara fram fyrir tollafgreiðslu. Staðsetning plöntueftirlitsins annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu hlýtur því að kalla á verulega aukinn kostnað og tímaþörf við vöruskoðanir.

Undirritaður lýsir yfir óánægju með hvernig landbúnaðarráðherra hyggst fara með plöntueftirlitið í umræddu frumvarpi. Aðrir verða að meta hvernig til hefur tekist með eftirlitið fram að þessu en fara ætti varlega í að rífa upp með rötum jurtir sem dafna vel þar sem þær eru. Vart getur það talist ósanngjarnt að ætlast til að við jafn viðamiklar breytingar sé haft eitthvert samráð við þann sem hefur annast plöntueftirlitið samfellt síðustu 30 ár, komið að samningu laga og reglugerða því tengdu og annast um alla framkvæmd þess.

Virðingarfyllst.



Sigurgeir Ólafsson, forstöðumaður  
plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands

Fylgiskjal: Frétt af heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands [www.lbhi](http://www.lbhi) um alþjóðasamninginn um plöntuvernd.


Landbúnaðarháskóla Íslands | 06.04.2005

## Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um plöntuvernd

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, staðfestu þ. 8. mars sl. með undirskrift sinni aðild Íslands að alþjóðasamningnum um plöntuvernd **International Plant Protection Convention** (IPPC) ásamt endurskoðuðum texta hans.

Samningur þessi var upphaflega gerður á vegum matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, árið 1951 og tók hann gildi 3. apríl 1952. Samningnum var breytt 1979 og tóku þær breytingar gildi 1991. Loks var honum breytt aftur 1997 og er nú beðið eftir að nægjanlega margar þjóðir staðfesti þær breytingar til að þær taki gildi en til þess þurfa 2/3 þeirra ríkja sem aðilar eru að samningnum að staðfesta þær. Sjá 1997-samninginn á slóðinni:

[International Plant Protection Convention - New Revised Text.](#)



Þegar lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum (nr. 51 frá 29. maí 1981) og reglugerð um innflutning og útflytning á plöntum og plöntuafurðum (nr. 189 frá 20. apríl 1990) voru samin var tekið mið af þessum alþjóðlega samningi. Það má því líta svo á að löggjöf og framkvæmd á þessu sviði á Íslandi sé að verulegu leyti í samræmi við ákvæði samningsins og staðfesting hans muni því ekki kalla á róttækar breytingar umfram þær sem þegar er fyrirhugað að gera. Hins vegar tryggir staðfesting hans að Ísland verður fullgildur aðili í framtíðar samstarfi í plöntuvernd og getur tekið þátt í að móta þær aðgerðir er gripið verður til á alþjóða vettvangi til að tryggja heilbrigði plantna og hindra smitdreifingu.

Hið alþjóðlega samstarf FAO í plöntuvernd fer nú fram innan nefndar um plöntuheilbrigðisráðstafanir, ICPM (Interim Commission on Phytosanitary Measures). Það er opið öllum sem aðilar eru að FAO en samkvæmt bréfi frá skrifstofu IPPC dags. 5.11. 2001 er boðað að þegar síðustu breytingar (new revised text) eru komnar í gildi verði það einungis opið þeim sem aðild eiga að samningnum. Það er ástæða þess að Plöntusjúkdómaráð taldi brýnt að Ísland staðfesti samninginn nú og setti ráðið þetta ferli af stað með bréfi til landbúnaðaráðherra í desember árið 2001. Auk samstarfsins innan ICPM fer einnig fram samstarf innan svæðisbundinna samtaka en nú er reynt að samræma það undir ICPM. Hin evrópsku svæðissamtök kallast EPPO (European and Mediterranean Plant Protection Organisation).

Gott dæmi um þetta samstarf og vísbending um það sem koma skal er nýlegur staðall um viðarumbúðir sem flest ríki eru nú að taka upp og Ísland hefur þegar sett reglugerð um vegna útflyttings á vörum frá Íslandi.

### Forsendur fyrir aðild.

Í formála að samningnum segir m.a. að aðildarríkin:

- viðurkenni nauðsyn á alþjóðasamvinnu til að halda í skefjum skaðvöldum sem leggjast á plöntur og plöntuafurðir og til að koma í veg fyrir alþjóðlega útbreiðslu þeirra og einku innkomu þeirra á svæði í hættu,
- viðurkenni að plöntuheilbrigðisráðstafanir skuli vera studdar tæknilegum rökum, vera gagnsæjar og að þeim skuli ekki beitt þannig að þær leiði til gerræðislegrar eða óréttlætianlegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á alþjóðaviðskipti,
- æski þess að tryggja náið samræmi ráðstafana sem gerðar eru í þessu skyni,
- æski þess að settur verði rammi fyrir þróun og beitingu samræmdra plöntuheilbrigðisráðstafana og mótun alþjóðlegra staðla þar að lútandi,
- taki tillit til alþjóðlegra, viðurkenndra meginreglna um heilbrigði plantna og dýra og heilsu- og umhverfisvernd, og
- hafi í huga samninga sem gerðir eru í kjölfar niðurstöðu Úrugvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna, þ.m.t. samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

### Skuldbindingar.

- Aðildarríkin skuldbinda sig til að koma á fót opinberri, innlendri plöntuverndarstofnun með faglega færni á sviði plöntuheilbrigði og sem hafi m.a. það hlutverk að gefa út heilbrigðisvottorð við útflytning, hafa eftirlit með plöntum í ræktun til að geta tilkynnt um skaðvalda, skoða vörusendingar við innflutning til að koma í veg fyrir innkomu skaðvalda, annast útrýmingaraðgerðir og fl. Plöntueftirlit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins gegndi þessu hlutverki fram að 31. desember 2004 en frá og með 1. janúar 2005 er það hlutverk plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

- Aðildarríkin skuldbinda sig til að taka þátt í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi m.a. við að þróa alþjóðlega staðla til að tryggja samræmdar aðgerðir.
- Aðildarríkin skuldbinda sig til að lúta vissum vinnureglum við lausn deilumála er upp kunna að koma á þessu sviði.
- Aðildarríkin skuldbinda sig til að nota stöðluð form fyrir heilbrigðisvottorð en fyrirmynd að þeim eru í viðauka við samninginn.

Til baka